

Tillaga Garðabæjarlistans um gagnsærri stjórnsýslu

Flutningsmaður: Sara Dögg Svanhildardóttir

Garðabæjarlistinn leggur fram tillögu þess efnis að unnið verði skýrt verklag um þann tímaramma sem stjórnsýslunni er gefinn til þess að veita upplýsingar um fyrirspurnir kjörinna fulltrúa er varða starfsemi sveitarfélagsins. Þannig að hámarks afgreiðslufrestur verði ákvarðaður.

Greinargerð.

Til þess að styðja við gagnsæi og fagleg vinnubrögð stjórnsýslunnar skiptir máli að verkferlar liggja fyrir um sem flesta þætti stjórnsýslunnar. Það skiptir máli að aðgengi að upplýsingum sé gott og skilvirkni í að veita upplýsingar við fyrirspurnum sé skýr þegar kemur að tímaramma um skil á þeim gögnum sem óskað er eftir.

Tillagan er lögð fram þar sem mikill mismunur er á veittum svörum við formlegum fyrirspurnum og því ekki skýrt hvaða viðmið er við skil á upplýsingum sem óskað er eftir.